

Reykjavík, 1. desember 2020

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um launasjóð íslensks afreksíþróttafólks – 116. mál.

UMFÍ styður þingsályktunartillögu um launasjóð íslensks afreksfólks í einstaklings- og hópíþróttum. Málið er til þess fallið að styrkja afreksíþróttafólk og gera því betur kleift en áður að einbeita sér að ástundum íþróttar sinnar.

Vel er til þess fundið að skapa afreksíþróttafólki í landinu fjárhagslegan grundvöll til iðkunar sinnar og horfa til Launasjóðs stórmeistara í skák og Launasjóðs listamanna og tryggja viðkomandi íþróttamanni réttindi á borð við annað launafólks. Launasjóðurinn er fyrir löngu orðinn tímabær. En nú er hann orðinn nauðsyn þar sem COVID-faraldurinn hefur sett skarð í möguleika íþróttafólks á að fjármagna íþróttaiðkun sína með sama hætti og áður.


Á sama tíma og UMFÍ styður tillöguna leggjum við áherslu á mikilvægi þess að í Launasjóðurinn verði fjárhagslega sjálfstæður og að hann verði fjármagnaður sérstaklega í stað að taka af því framlagi sem nú þegar er ætlað er til íþrótt- og æskulýðsmála. Verði það gert er stutt við fámennan hóp afreksfólks í íþróttum á kostnað heildarinnar, þ.e. meirihluta barna- og unglunga sem stunda íþróttir á Íslandi. UMFÍ leggur því til að þingsályktunar tillagan verði samþykkt og fjármagn við málaflokkinn aukið til þess að framvæma tillöguna.

Á sama tíma og UMFÍ styður þingsályktunartillöguna þá má gagnrýna að umsagnarbeiðnin var hvorki verið send UMFÍ til umsagnar eða íþróttahéruðum.

Vinum saman

Forsvarsfólk UMFÍ er reiðubúið til frekari útskýringa og aðstoðar á fleiri stigum málsins ef þess er óskað. Allt sem leiðir til þess að gott verk verði enn betra.

Virðingarfyllst,
f.h. Ungmennafélags Íslands



Auður Inga Þorsteinsdóttir,
framkvæmdastjóri UMFÍ